



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Norðurlands  
eystra

Borgum v/Norðurslóð  
600 Akureyri

(354) 570 13 15  
(354) 832 17 00

[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)  
Kennitala: 440113-0280

**Sædis Gunnarsdóttir**  
Minjavörður Norðurlands  
eystra  
[saedis@minjastofnun.is](mailto:saedis@minjastofnun.is)

María Markúsdóttir  
Verkefnastjóri skipulagsmála  
Akureyrarbær  
Geislagata 9  
600 Akureyri

Akureyri, 2. desember 2021  
MÍ202111-0127/ 6.09 / S.G.

## Miðbær Akureyrar, umsögn um deiliskipulagsbreytingu.

Með tölvupósti sendum 23. nóvember 2021 óskaði María Markúsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála hjá Akureyrarbæ eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um deiliskipulagsbreytingu á miðbæjarskipulagi Akureyrar, dagsettri 11. nóvember síðastliðinn. Minjastofnun hefur áður skrifað umsögn um fyrri breytingu á skipulagi á sama stað dagsett 21. apríl 2021. (MÍ202103-0050/ 6.09 / S.G.)

Sú deiliskipulagsbreyting sem nú er til kynningar snýr að mestu að stækkun á byggingarreitum, og svo bætist ein hæð við þannig að fjöldi hæða byggingar breytist úr 4 hæðum í 5 hæðir. Efstu tvær hæðir skulu vera inndregnar.

Fornleifaskráning fyrir miðbæ Akureyrar hefur ekki verið uppfærð en minjavörður fór yfir svæðið á vettvangi þann 5. janúar 2021, vegna fyrri umsagnar um skipulagið. Svæðið er að mestu á uppfyllingu og eru engar þekktar fornleifar á ofangreindum skipulagsreit. Húsakönnun hefur verið unnin fyrir svæðið af Landslagi fyrir Akureyrarbæ árið 2014, en þessi breytingartillaga gerir ekki ráð fyrir neinum breytingum á þegar byggðum húsum. Minjastofnun Íslands hefur ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á skipulaginu eins og það var kynnt stofnuninni.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er

að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi  
Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,



Sædís Gunnarsdóttir  
Minjavörður Norðurlands eystra

*Afrit sent:*  
Skipulagsstofnun